



Skútustaðahreppur

Lýsing skipulagsáætlunar, verkáætlun

ÁFANGASKÝRSLA 3

Aðalskipulag Skútustaðahrepps
2010-2021

(Endurskoðun aðalskipulagsins 1996-2015)



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Maí 2011

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Yfirlit yfir efni áætlunar	3
2.1. Drög að stefnu sveitarstjórnar um nýtt aðalskipulag	3
2.2. Umhverfismat áætlana	4
3. Tengsl við aðrar áætlanir	5
4. Umhverfisaðstæður	5
5. Umhverfisþættir	7
6. Viðmið og umhverfisverndarmarkmið	8
7. Matsferli og samráðsaðilar	8
8. Viðauki - viðmið	1

1. INNGANGUR

Hér er um að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 sem staðfest var í desember 1997. Skipulagstillagan verður í öllum meginatriðum byggð á gildandi skipulagi.

Tilfni endurskoðunar aðalskipulagsins er lögbundin endurskoðun sbr. 35. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um að sveitarstjórn skuli að afloknum kosningum á fjögurra ára fresti meta, hvort ástæða sé til endurskoðunar skipulagsins.

Það var mat sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2006 að endurskoða skyldi aðalskipulagið.

Meginástæða endurskoðunar eru ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu.

Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Ákvæði laganna um gerð verndaráætlunar taka til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

Gildandi aðalskipulag Skútustaðahrepps nær ekki til alls sveitarfélagsins en mörk þess eru dregin að skipulagsmörkun Svæðisskipulags miðhálandisins. Samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 nær skipulagsskylda til alls lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Í 28. gr. er auk þess kveðið á um að aðalskipulag sé skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins.

Nýtt aðalskipulag mun taka til alls sveitarfélagsins.

Á síðustu árum hafa komið fram margvíslegar hugmyndir um breytta landnotkun svo sem ný svæði fyrir frístundabyggð og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu sem taka þarf afstöðu til í aðalskipulaginu m. a. með tilliti til skilgreindra verndarsvæða samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar að verndaráætlun sbr. ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010-2021 verður unnið af starfsmönnum Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. í samráði við sveitarstjórn Skútustaðahrepps.



Mynd 1 Skútustaðahreppur

2. YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins alls varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- þjónustukerfi og umhverfismál.¹

Leitast er við að að áætlunin styrki byggð í sveitarfélaginu og sporni við viðvarandi fólksfækkun á svæðinu. Í þeim tilgangi verði stutt við áframhaldandi landbúnað og fjölbreytilega ferðaþjónustu sem bætt getur lífskjör íbúa sveitarfélagsins. Áhersla er lögð á að byggðarþróun í sveitarfélaginu verði í góðri sátt við stórbrotna náttúru svæðisins með sjálfbærni að leiðarljósi.

Stefna aðalskipulagsáætlunarinnar er ekki að fullu frágengin en meginatriðin liggja þó fyrir.

2.1. DRÖG AÐ STEFNU SVEITARSTJÓRNAR UM NÝTT AÐALSKIPULAG

Meginatriði í drögum að stefnu sveitarstjórnar um gerð nýs aðalskipulags:

LANDNOTKUN

- Stefnt er að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Ekki verði heimiluð þar önnur landnotkun sem kemur í veg fyrir þá nýtingu.
- Almenn er ekki stefnt að frekari nýbyggingum vatnsmegin vegar en þeim sem tengjast þeim bæja- og húsaþyrpingum sem fyrir eru.
- Landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar miðist við að bæta yfirbragð og ásýnd sveitarinnar. Kappkosta skal að atvinnustarfsemi og mannvirkjagerð hafi ekki í för með sér óafturkallanlegar breytingar sem í framtíð rýra sérstöðu og gildi Mývatnssveitar fyrir óvenju litskrúðugt og fjölbreytt lífríki, landslag og jarðmyndanir.
- Á hálendinu er einungis gert ráð fyrir göngu- og útivistarskálum/gangnamannakofum, sem merktir verða á aðalskipulagsupprætti og byggingum á skálasvæðum og hálendismiðstöðum. Mannvirki á hálendinu skulu vera í eigu opinberra aðila, samtaka eða ferðaþjónustu- og útivistarféлага.
- Á sérhæfðum iðnaðarsvæðum fyrir orkuvinnslu í Kröflu og Bjarnarflagi verður áfram unnið að virkjun jarðvarma til almennra nota og atvinnuuppbyggingar.
- Í aðalskipulagi verði gert ráð fyrir nægu svigrúmi til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Slík uppbygging ekki ganga á náttúrufar og umhverfisgæði sveitarinnar.

SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

- Breyting á þjóðvegi 1: Ný brú á Jökulá á Fjöllum og breytt veglína.
- Ekki er gert ráð fyrir nýjum akvegum á hálendinu en endubætur og endurnýjun er heimil eftir því sem þörf krefur. Minni háttar breytingar á legu krefjast ekki aðalskipulagsbreytingar.

¹ Skipulagslög nr. 123/2010, 28. gr.

- Dettifossvegur vestari verður nú sýndur í aðalskipulagsupprætti Skútustaðahrepps en það kallar ekki á umhverfismat áætlunarinnar þar sem allar ákvarðanir hafa verið metnar og teknar á öðrum stigum.

UMHVERFISMÁL

- Stefnt er að því að búseta og náttúruvernd verði í sátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Allar skógræktaráætlanir eru háðar samþykki sveitarstjórnar. Ekki er gerð grein fyrir svæðunum á aðalskipulagsuppráttum en tryggja skal samræmi við verndaráætlun Mývatns og Laxár.

PRÓUN BYGGÐAR

- Lögð er áhersla á uppbyggingu Reykjahlíðar sem þungamiðju byggðar, verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir frekari þéttbýlismyndun í sveitinni.
- Sett verða ákvæði um þróun byggðar í sveitinni.
- Í aðalskipulagi verði settar viðmiðunarstærðir bygginga fyrir annan atvinnurekstur en landbúnað á bújörðum, sem rúmist innan skilgreindra landbúnaðarsvæða.
- Með nýbyggingum verði leitast við að bæta bæjarmynd Reykjahlíðar. Stefnt er að því að byggðin verði samfelld eftir því sem kostur er.
- Í aðalskipulagi verða sett ákvæði um uppbyggingu á ferðaþjónustu- og frístundabyggðarsvæðum um viðunandi yfirbragði, útlit og efnisval mannvirkja sem nánar verði útfærð í deiliskipulagi.

2.2. UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Gerð aðalskipulagsins fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem í henni er gert ráð fyrir framkvæmdum sem eru matsskyldar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum:

VIRKJANIR.

Ekki verður gert ráð fyrir nýjum virkjunum umfram þær sem þegar hafa verið ákveðnar í staðfestum skipulagsáætlunum. Mat á umhverfisáhrifum hefur verið unnið.

- Krafla. Virkjun í rekstri. Stefna um stækkun hefur þegar verið mörkuð í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps og Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 sem Skútustaðahreppur er aðili að.
- Bjarnarflag. Áform um nýja virkjun eru í samræmi við ákvæði í fyrrnefndum aðal- og svæðisskipulagsáætlunum.

FLUTNINGSLÍNUR RAFORKU.

- Áformaðar nýjar flutningslínur til austurs frá Kröflustöð.
- Jarðstrengur milli Bjarnarflagsvirkjunar og Kröflustöðvar. Umhverfisáhrif hafa verið metin. Í samræmi við skipulag.
- Flutningslínur raforku milli Köflustöðvar, tengivirkis á Hólasandi og Þeistareykja. Mannvirkjabelti flutninglínanna verða sett inn í aðalskipulagsáætlunina til samræmis við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 þar sem stefnan hefur verið mörkuð.

SAMGÖNGUR

- Fyrirhuguð er ný brú á Jökulsá á Fjöllum. Sú áætlun fellur ekki undir viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Auk þess er brúin utan verndarsvæða og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006.
- Nýr Dettifossvegur er lagður í samræmi við svæðisskipulag miðhálandisins. Vegurinn er utan skipulagsupphráttar aðalskipulags Skútustaðahrepps 1996-2015. Dettifossvegur verður nú sýndur í aðalskipulagsupphrátti Skútustaðahrepps en það kallar ekki á umhverfismat áætlunarinnar þar sem allar ákvarðanir hafa verið metnar og teknar á öðrum stigum.

EFNISTAKA/MALARNÁM.

- Áætlunin gerir ráð fyrir nýjum malarnámum í stað annarra sem verður lokað. Um stærð þeirra eða umfang er enn ekki vitað.

3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samkvæmt 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 skulu gildandi skipulagsáætlanir vera í innbyrðis samræmi. Einnig skulu landgræðslu- og skógræktaráætlanir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Við mótnun áætlunarinnar verður hugað að samræmi við gildandi áætlanir í sveitarfélaginu.

Vísað er til 5. kafla í Áfangaskýrslu 1, Forsendur þar sem gerð er grein fyrir tengslum aðalskipulagsáætlunarinnar við aðrar áætlanir.

Auk þeirra áætlana sem þar er gerð grein fyrir er um að ræða allmargar deiliskipulagsáætlanir víðs vegar í sveitarfélaginu.

4. UMHVERFISAÐSTÆÐUR


Skútustaðahreppur er víðfermt sveitarfélag og nær frá Gæsafjöllum í norðri að Vatnajökli í suðri. Jökulsá á Fjöllum rennur eftir austurmörkunum en til vesturs afmarkast sveitarfélagið af fyrrum Bárðdæla- og Reykdælahreppum (Þingeyjarsveit). Landslag og náttúrufar er afar fjölbreytt og margbrotið og fullyrða má að umhverfi og náttúra Mývatns sé einstök á heimsvísu. Í áfangaskýrslu 1, Forsendum skipulagsáætlunarinnar er gerð nánari grein fyrir staðháttum í sveitarfélaginu í kafla 2.

Náttúruvá í sveitarfélaginu tengist helst jarðskjálftavirkni og eldstöðvum en landrekssprungan liggur um sveitarfélagið.

Í Skútustaðahreppi hefur samfélagsþróunin hin síðari ár einkennst af fólksfækkun og áföllum í atvinnumálum. Mikilvæg atvinnustarfsemi hefur lagst af, en á móti kemur mikil og vaxandi aukning í ferðaþjónustu af ýmsu tagi. Eftir sem áður byggir sveitarfélagið afkomu sína aðallega á landbúnaði og ferðaþjónustu, en störf við virkjunina í Kröflu svo og við stofnanir sveitarfélagsins, leik- og grunnskóla skipta og miklu máli. Þá er á vegum ríkisins starfandi Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn.

Við skipulagsvinnuna og umhverfismat áætlunarinnar verður byggt á ákvæðum laga um verndun Laxár og Mývatns í Suður Þingeyjarsýslu nr. 97/2004. Lögin taka til Mývatns og Laxár með eyjum hólum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka

meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krakár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helliuvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir sbr. mynd 3.



Mynd 2. Vatnsverndarsvæði samkv. Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015

Myvatns og Laxár.

Um náttúruverndarsvæði, Vatnajökulspjóðgarð, friðlýst svæði, náttúruvætti, önnur friðuð svæði og hverfisverndarsvæði er fjallað í Áfangaskýrslu 1. Forsendur kafla 6. 2.

Lögin taka enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Myvatns og Laxár sbr. mynd 5.

Í gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps eru skilgreind tvö vatnsverndarsvæði vegna neysluvatns. Annað þeirra er innan þeirrar afmörkunar sem lög um verndun Myvatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004 kveða á um, en hitt (Austaraselslindir) nær lengra til norðurs en fyrrgreind lög kveða á um sbr. mynd 2.


Ákvæði laganna um gerð verndaráætlunar taka til Skútustaðahrepps alls auk Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

Samkvæmt nýju lögunum á að friðlýsa tiltekin landssvæði m. t. t. tillagna Umhverfisstofnunar sem enn eru á umræðustigi. Stofnunin hefur lagt til að 11 svæði verði friðlýst sérstaklega.

Auk þess hefur Umhverfisstofnun lagt til að mörkum Ramsarsvæðisins verði breytt þannig að það nái til vatnsverndarsvæðis



Mynd 3. Verndarsvæði Mývatns og Laxár



Mynd 4. Vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár

Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og aðalskipulagi Skútustaðahrepps (Krafla og Bjarnarflag) eru skilgreind 15 hverfisverndarsvæði (HK1 - HK15). Um svæðin gilda almenn ákvæði aðalskipulags Skútustaðahrepps 1996-2015 með síðari breytingum auk nokkurra viðbótarákvæða svæðisskipulagsins².

5. UMHVERFISÞÆTTIR

Í ljósi umfangs og nákvæmni skipulagsáætlunarinnar og umhverfisaðstæðna verður við umhverfismat áætlunarinnar aðallega lögð áhersla á eftirfarandi umhverfisþætti:

Auðlindir: Afkoma sveitarfélagsins og íbúa þess byggir að verulegu leyti á nýtingu vatns- og landgæða, þ. á. m. jarðhita. Huga þarf að áhrifum stefnunnar um landnotkun í sveitarfélaginu á auðlindirnar, einkum vatnið, viðkvæma og margbrotna náttúru og ræktarland.

Byggðarþróun: Til þess að styrkja byggðarþróun er mikilvægt að hamla gegn fólksfækkun, renna fleiri stöðum undir atvinnulífið og efla samgöngur í sveitarfélaginu.

Heilnæmt umhverfi: Gæta þarf þess að bætt lífskjör íbúanna, þ. e. atvinnuuppbygging, fólksfjölgun og bætta samgöngur leiði ekki til mengunar vatns, lofts eða jarðvegs.

Náttúruminjar: Gæta þarf þess að atvinnuuppbygging, fólksfjölgun og bætta samgöngur hafi ekki í för með sér óafturkræf áhrif á fjölbreytta og einstaka náttúru í Skútustaðahreppi.

Meningarminjar: Gæta þarf þess að framkvæmdir spilli ekki þeim fjölmörgu mikilvægu fornleifum sem skráðar eru í hreppnum.

² Áfangaskýrsla 1. Forsendur. Kafli 6.2.

6. VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ

Eftirtalin stefnuskjöl sem innihalda viðmið verða lögð til grundvallar mati á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunarinnar:

- Markmið laga. (sjá viðauka)
- Markmið úr staðfestum svæðisskipulagsáætlunum. (sjá viðauka)
- Náttúruverndaráætlun (sjá viðauka)
- Samgönguáætlun 2007-2010 (sjá viðauka)
- Velferð til framtíðar
Áhersluatriði „Velferðar til framtíðar,” sem áhrif geta haft á aðalskipulag Skútustaðahrepps (sjá Áfangaskýrslu 1, Forsendur, kafli 5. 3).

7. MATSFERLI OG SAMRÁÐSADILAR

Endurskoðun aðalskipulagsins felst í fjórum meginþáttum:

- Stefnumótun um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi svo og umhverfismál.
- Endurskoðun landnotkunar og afmörkunar allra landnotkunarreita. Jafnframt verða allir landnotkunarreitir merktir og um þá sett ákvæði eftir því sem við á.
- Mat og afgreiðsla umsókna og hugmynda um breytta eða nýja landnotkun.
- Samræming aðalskipulags við aðrar áætlanir eftir því sem við á.

Stefnumótun verður borin saman við þau viðmið sem tilgreind eru í kafla 6 svo og aðrar forsendur sbr. Áfangaskýrslu 1. Forsendur, eftir því sem við á hverju sinni.

Þótt ákvæði laga um umhverfismat áætlana eigi einungis við efnispætti, sem tilgreindir eru í viðaukum I og II við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 verða helstu viðfangsefni skipulagsvinnunnar metin út frá þeim viðmiðum, sem helst eru talin skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar, annarra yfirvalda og markmið laga. Verkferli umhverfismats áætlana verður þannig beitt við ákvarðanatöku um landnotkun.

Ný og breytt landnotkun verður metin út frá eftirfarandi þáttum:

Náttúruverndarákvæði	Afstaða svæðis til verndarsvæða og verndarákvæða. Hefur landnotkun áhrif á land eða náttúruyfyrirbrigði, sem njóta formlegrar og skilgreindrar verndar?
Sérstök vernd, jarðmyndanir og vistkerfi	Hvort innan svæðis séu náttúruyfyrirbrigði sem tilgreind eru í 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og njóta sérstakrar verndar.
Byggðamynstur og yfirbragð byggðar	Litið til stefnu sveitarstjórnar eftir því sem við á.
Samgöngur	Litið til samhengis við núverandi vegakerfi. Umferðaröryggi.
Opið land, víðerni	Hvort viðkomandi landnotkun hafi áhrif á opið land, óbyggð svæði eða víðerni sem hafa

	gildi vegna náttúrufars, útivistar og upplifunar eða auðlinda.
Landbúnaðarland, ræktað land	Miðað er við meginmarkmið jarðalaga sem stutt er makmiðum sveitarstjórnar um varðveislu góðs landbúnaðarlands.
Fornminjar	Borðið saman við minjaskrá. Hefur landnotkun áhrif á skráða minjastaði?
Samræmi við stefnu sveitarstjórnar	Litið til þeirra þátta sem við eiga.
Samræmi við stefnu stjórnvalda.	Litið til þeirra þátta sem við eiga.

Fyrir liggja umsóknir um efnistöku, stækkun núverandi aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og umsóknir um lóðir og þyrpingar frístundahúsa og ferðaþjónustubygginga víða í sveitarfélaginu. Jafnframt liggja fyrir umsóknir um iðnaðarsvæði og ný íbúðarsvæði í sveitinni.

Á þessu stigi máls verður ekki séð að framkvæmdir sem leitt geti af fyrirbyggjandi óskum um breytingar á landnotkun séu háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Ekki er talin ástæða til þess að endurtaka mat fyrir stefnumörkun sem þegar hefur verið mótuð og umhverfismat farið fram. Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 var lagt mat á legu flutningslína raforku frá Kröflu um Hólasand til Þeistareykja og Húsavíkur. Skipulagskostir við uppbyggingu virkjana rúmast innan gildandi landnotkunarreita og verður útfærsla ákveðin og metin á deiliskipulagsstigi.

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps ásamt ráðgjöfum myndar matsteymi. Lagt verður mat á þá skipulagskosti, sem til umræðu koma, út frá fyrirbyggjandi gögnum, viðmiðum, markmiðum laga, landsáætlanu og alþjóðasamninga eftir því sem við á.

Við mat á hugsanlegum áhrifum þeirra framkvæmda sem skipulagsáætlunin kemur til með að leiða af sér verður metið hvort áhrifin verði jákvæð, neikvæð, óveruleg eða háð nánari útfærslu í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum, sjá töflu 2. Í umfjöllun um hugsanleg áhrif verður aðeins stuðst við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi. Viðmið áhrifa verða fyrst og fremst stefnumið skipulagsáætlunarinnar sjálfrar sem sveitarstjórn hefur samþykkt auk stefnumörkunar stjórnvalda sbr. kafla 6.

Þar er einkum um að ræða markmið laga/reglugerða sem tengjast skipulagi Skútustaðahrepps og gerð er grein fyrir í viðauka þessarar verkáætlunar (kafla 8).

Vægi áhrifa		
Jákvæð	+	Stefna skipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Óveruleg	0	Stefna skipulagsins hefur óveruleg áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Neikvæð	-	Stefna skipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
Háð útfærslu	Ú	Áhrif stefnu skipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig útfærsla í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum verður

Tafla 2. Vægi áhrifa

Gerð verður grein fyrir hvernig vöktun skuli háttað ef niðurstaða umhverfismats skipulagsáætlunarinnar leiðir í ljós að framkvæmd hennar eða framkvæmda sem af henni leiða muni líklega hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif. (Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, 6. gr. töluliður i).

Umhverfisskýrslan verður kynnt sem hluti aðalskipulagsáætlunarinnar og fellur kynning á henni saman við kynning á aðalskipulaginu.

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar verður skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu send lögbundnum umsagnaraðilum og öðrum aðilum, eftir því sem við á, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum varðandi mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins.

Fyrirhugað er að kynna eftirtöldum aðilum aðalskipulagstillöguna:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Aðliggjandi sveitarfélög:
 - Þingeyjarsveit
 - Norðurþing
 - Fljótsdalshérað
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
- Vegagerðin
- Landgræðslan
- Norðurlandsskógar
- Skógrækt ríkisins
- Landbúnaðarráðuneytið
- Flugmálastjórn Íslands

Í apríl 2011 ráðgerir skipulagsnefnd/sveitarstjórn að kynna drög að stefnu og megindrætti skipulagsins á almennan kynningarfundum og íbúunum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að koma hugmyndum á framfæri á vinnslustigi.

Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er áformað að kynna tillögu að aðalskipulagi Skútustaðahrepps ásamt umhverfisskýrslu á almennum fundi áður en endanlega er gengið frá tillögunni til afgreiðslu og formlegrar auglýsingar.

Mánuður 2011	Vika	Verkþáttur
Maí		Verkáætlun. Samráð við Skipulagsstofnun. Kynning gagnvart íbúum, hagsmuna- og umsagnaraðilum
Maí/júní		Unnið með skipulagsnefnd/sveitarstjórn að frágangi á stefnu skipulagsins. Greinargerð og ákvæði
Júní/júlí		Forkynningar. Kynning á stefnu og megindrættum aðalskipulagsins Skipulagsdrög kynnt íbúum og hagsmunaaðilum
Ágúst/september		Drög að aðalskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu send umsagnaraðilum Fyrri umræða í sveitarstjórn. Skipulagstillaga send Skipulagsstofnun til yfirferðar
September		Kynningar- og athugasemdatími hefst

Október		Athugasemdatíma lokið
Október		Seinni umræða í sveitarstjórn. Samþykkt aðalskipulag sent til Skipulagsstofnunar
Nóvember		Skipulagsstofnun staðfestir aðalskipulagstillögu og auglýsir hana í B-deild Stjórnartíðinda

Tafla 3. Áætlaðar tímasetningar helstu áfanga

8. VIÐAUKI - VIÐMIÐ

Yfirlit yfir viðmið sem geta nýst við mat á áhrifum stefnu Skútustaðahrepps um landnotkun á svæðum sem talin eru hafa verndargildi. Stefnumið áætlunarinnar verða einnig til viðmiðunar þegar horft verður til innra samræmis stefnumörkunar.

Umhverfisviðmið/umhverfisverndarmarkmið	Umhverfisþáttur
Jarðalög nr. 81/2004	
Stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölbætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.	Auðlindir
Þar sem í skipulagi er fyrirhugað að breyta landnotkun svæða sem nýtt hafa verið til landbúnaðar skal leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum liggja fyrir áður en viðkomandi skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu	Auðlindir
Byggðaáætlun 2006-2009	
Að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun	Byggðaþróun
Byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum	Byggðaþróun
Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni	Byggðaþróun
Samgönguáætlun 2007-2010	
Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í samgönguáætlun: Greiðari samgöngur, hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur, öryggi og jákvæð byggðaþróun	Byggðaþróun Heilnæmt umhverfi
Skipulagslög nr. 123/2010	
Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.	Byggðaþróun Heilnæmt umhverfi
Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll, og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi	Auðlindir

Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015	
Unnið er að breytingu á skilgreiningu landnotkunar við Gjástykki. Markmið breytingarinnar er að opna fyrir rannsóknir vegna fyrirhugaðrar nýtingar jarðvarma í Gjástykki.	Auðlindir
Almenn verndarsvæði. Felur í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Enn fremur svæði með mikið útivistargildi, þar á meðal jaðarsvæði að byggð.	Auðlindir
Náttúruverndarsvæði. Talin til mikilvægustu og merkilegustu náttúruminja landsins. Tungnafellsjökull-Vonarskarð og Trölladyngja.. Ódáðarhraun og Austurfjöll. Suðurmörk þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur liggja að norðurmörkum svæðisins í Skútustaðahreppi. Innan svæðisins eru friðlýst svæði s. s. Herðurbreiðarlindir, Hvannalindir og Askja.	Auðlindir
Vatnsverndarsvæði . Suðurárbotnar	Auðlindir
Þjóðminjasvæði. Minjar sem falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga. Merkt á uppdrátt.	Auðlindir

Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2020	
Stefnt er að orkuvinnslu á fjórum svæðum, við Bjarnarflag, á Þeistareykjum og í Gjástykki. Gjástykki verður aftast framkvæmdaröðinni. Þar verður í fyrstu áhersla á rannsóknir, þ. m. t. rannsóknarboranir. Ekki verður virkjað í Gjástykki nema því aðeins að hin svæðin gefi ekki nægilega orku fyrir starfsemi og atvinnuuppbyggingu á skipulagssvæðinu.	Auðlindir
Á þessu stigi er ekki stefnt að uppbyggingu meiri háttar aðstöðu fyrir ferðamenn og ferðaþjónustu innan þess skipulagssvæðis sem afmarkað er sérstaklega. Miðað verður við að þjónusta verði fyrst og fremst við jaðra þess, á Húsavík, í Ásbirgi og við Mývatn.	Byggðapróun
Hefðbundnar nýttjar verða áfram á svæðinu (afréttir, veiðilönd) og skal þess gætt að mannvirki takmarki þær ekki.	Auðlindir
Með samþættingu ólíkra mannvirkj (t. d. vega og lína eða vega og lagna) verði leitast við að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir. Stefna ber að því að háspennulínur liggja í meginatriðum meðfram eða í námunda við aðalvegi.	Auðlindir
Landgræðsla verður heimil innan skipulagssvæðisins þar sem hennar kann að vera þörf.	Auðlindir
Við alla mannvirkjagerð og framkvæmdir skal taka mið af sérstöðu svæðisins og þess gætt að ekki verði raskað sérstökum jarðmyndunum eða náttúruminum, fágætum tegundum dýra og plantna og búsvæðum þeirra.	Auðlindir

	Þess skal gætt að viðhalda landslagsheildum eins og framast er kostur.	Auðlindir
	Þess skal gætt að yfirborði hverasvæða verði ekki raskað með mannvirkjagerð umfram það sem orðið er.	Auðlindir
	Við efnistöku skal gæta umhverfissjónarmiða sérstaklega. Nýta skal eftir fögum þær námur sem þegar eru opnar þar sem aðstæður leyfa.	Auðlindir
Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004		
	Að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.	Auðlindir
	Tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum m. t. t. vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.	Auðlindir

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999		
	Að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.	Heilnæmt umhverfi
	Að tryggja eftir fögum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.	Auðlindir
	Að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar	Auðlindir
	37. gr. 1. mgr. Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. eldvörp, gervigígar og eldhraun, b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m ² að stærð eða stærri, c. Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m ² að stærð eða stærri, e. sjávarfitjar og leirur.	Auðlindir
Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr 60/2007		
	Að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.	Auðlindir

Þjóðminjalög nr. 107/2001		
	Að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.	Auðlindir
	Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.	Auðlindir
	10. gr. Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.	Auðlindir
Lög um landgræðslu nr. 17/1965		
	Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs. Að græða upp eydd og vangróin lönd.	Auðlindir

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998		
	Að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.	Heilnæmt umhverfi
Vegalög nr. 80/2007		
	Að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum.	Öryggi
Vatnalög nr. 20/2006		
	Að tryggja skýrt eignarhald á vatni, skynsamlega vatnsnýtingu og hagkvæma og sjálfbæranýtingu vatns.	
	Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.	Heilnæmt umhverfi
Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006		
	Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli.	Auðlindir